

LÖG

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af tekjum umfram það lágmark sem tilgreint er í 2. mgr. 67. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu 1996 vegna tekna á árinu 1995.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.